

Ársskýrsla stjórnar 2024-2025

Lögð fram á aðalfundi
Félags náms- og starfsráðgjafa
7. apríl 2025



Efnisyfirlit

1. Stjórn 2024-2025	2
2. Nefndir og ráð FNS starfsárið 2024-2025	3
3. Lagabreytingar	3
Greinargerð við breytingar á 2. grein	3
Greinargerð við breytingar á 3. grein	4
Greinargerð við breytingu á 4. grein	4
Greinargerð við breytingu á 5. grein	5
Ný 5. grein	6
Greinargerð við breytingu á 6. grein	6
Greinargerð við breytingu á 7. grein	6
Greinargerð við breytingu á 8. grein:	6
Greinargerð við breytingu á 9. grein	7
Greinargerð við breytingar á 10. grein:	7
Greinargerð um breytingar á 12. grein:	8
Greinargerð við breytingar á 13. grein:	9
4. Starf stjórnar	10
Endurgerð starfslýsingar náms- og starfsráðgjafa	10
Aðild að stefnumörkun	11
5. Sýnileiki	12
Vefur og samfélagsmiðlar	12
Hvað er fréttin?	13
Mín Framtíð	13
Viðurkenning fyrir framlag til náms- og starfsráðgjafa 2024	14
6. Samstarf	14
Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafa á Íslandi - Euroguidance	14
Vinnustofa Dr. Norm Amundson og Andreu Fruhling - fjölbreyttar aðferðir og sköpun í náms- og starfsráðgjöf	15
Alþjóðlegt samstarf	15
IAEVG	15
Norrænt samstarf	16
7. Félagatal og félagsaðild	17
8. Fjárreiður og félagsgjöld	17
9. Greinargerð frá ráðum og nefndum	18
Fræðslunefnd	18
Fagráð	20
Kjaranefnd	20
10. Lokaorð	21

Dagskrá aðalfundar skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar kynnt og borin upp til samþykktar
3. Ársreikningur félagsins kynntur og borinn upp til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Nefndastörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, varastjórnar, nefnda, ráða og skoðunarfólks reikninga
8. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa 2024 var haldinn 13. maí í Flensborgarskóla í Hafnarfirði og á fjarfundi. Fundarstjóri var Jóhanna María Vignir og fundarritari Greta Jessen. Um var ræða hefðbundin aðalfundarstörf, þ.m.t. talsverðar lagabreytingar sem nánar eru tiltekin í 3. kafla ársskýrslunnar.

1. Stjórn 2024-2025

Jónína Kárdal var endurkjörin formaður í sérstakri kosningu og hóf þar með fjórða kjörtímabil sitt.

Hildur Björg Vilhjálmisdóttir, Nanna Imsland og Jóhanna María Vignir gáfu áframhaldandi kost á sér í stjórn. Nýir stjórnarmeðlimir voru Steinar Sigurjónsson, Margrét Rósa Haraldsdóttir og Aníta Jónsdóttir. Laufey Guðný Kristinsdóttir og Kristín Birna Jónasdóttir voru kjörnar í varastjórn. Þessi skipan í stjórn er í samræmi við lagabreytingar þess efnis að stjórnina skipi samtals sjö manns og tveimur að auki í varastjórn.

Stjórn skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Steinar Sigurjónsson varaformaður, Jóhanna María Vignir ritari, Hildur Björg Vilhjálmisdóttir gjaldkeri, Nanna Imsland vefstjóri, Margrét Rósa Haraldsdóttir fulltrúi FNS í norrænu samstarfi og Aníta Jónsdóttir meðstjórnandi og umsjón félagatala.

Á starfsárinu hafa nokkrir meðlimir stjórnar þurft að stíga til hliðar vegna faglegra eða persónulegra aðstæðna. Jónína Kárdal vék sem formaður í lok september vegna starfstækifæris á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins. Jóhanna María Vignir tók við sem formaður og Kristín Birna Jónasdóttir kölluð inn í aðalstjórn í starf meðstjórnanda. Á þessum tímapunkti verða hlutverka- og verkefnaskipti. Aníta Jónsdóttir tekur við starfi ritara af Jóhönnu Maríu Vigni og Kristínu Birnu Jónasdóttur er falið umsjón félagatala í stað Anítu Jónsdóttur. Um áramót 2024-2025 steig Nanna Imsland til hliðar vegna persónulegra aðstæðna og Laufey Kristinsdóttir kom inn í aðalstjórn. Steinar Sigurjónsson steig til hliðar í lok febrúar vegna persónulegra aðstæðna.

2. Nefndir og ráð FNS starfsárið 2024-2025

Nefndir og ráð voru skipuð eftirfarandi félagsfólki og er þeim færðar kærar þakkir fyrir þeirra störf.

Fræðslunefnd

Hrönn Grímsdóttir, Ingibjörg Hanna Björnsdóttir, Jónína Riedel, Kristín Erla Þráinsdóttir og Lýdía Sigurðardóttir. *Tengiliður stjórnar*: Aníta Jónsdóttir.

Ritnefnd

Björg Ýr Grétarsdóttir, Íris Hrund Hauksdóttir, Karen Sturludóttir og Steinunn Björk Jónatansdóttir. *Tengiliður stjórnar*: Laufey Guðný Kristinsdóttir tók við af Nönnu H. Imsland.

Fagráð

Ásthildur Guðlaugsdóttir, Malla Rós Valgerðardóttir, Lilja Þorkelsdóttir, Guðrún Sigríður Guðmundsdóttir, Hafdís Ingadóttir, Helga Rós Einarsdóttir, María Jónsdóttir, Berglind Melax og K. Katrín Þorgrímsdóttir. *Tengiliður stjórnar*: Steinar Sigurjónsson.

Kjaranefnd

Berglind Elva Elísabetar Tryggvadóttir / grunnskóli, Kristín Birna Jónasdóttir / framhaldsskóli, Líney Björg Sigurðardóttir / grunnskóli, Hrönn Baldursdóttir / framhaldsskóli - sjálfstætt starfandi,, Helga Rós Einarsdóttir / háskóli og Vigdís Th. Finnbogadóttir. *Tengiliður stjórnar*: Hildur Björg Vilhjálmsdóttir.

Siðanefnd

Guðrún Björg Karlsdóttir, Helga Valtýsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir og Irena Halina Kolodziej. *Tengiliður stjórnar*: Jóhanna María Vignir.

Uppstillingarnefnd (tók til starfa fyrir aðalfund 2025)

Greta Jessen, Helga Valtýsdóttir og Jónína Kárdal. *Tengiliður stjórnar*: Jóhanna María Vignir.

3. Lagabreytingar

Á aðalfundi lagði stjórn FNS fram þó nokkrar tillögur um lagabreytingar við greinar 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 12 og 13. Grænt letur í eftirfarandi texta er orðalag sem tillögurnar snéru að og rautt letur er það orðalag sem áður var í lögnum. Allar tillögur voru samþykktar og þær hljóðuðu svo:

Greinargerð við breytingar á 2. grein

Breyting lagagreinarinnar er gerð til að samræma framsetningu lagagreinar 2 og 3.

Breyting á 5. lið 2. greinar er til að nota skýrara og gegnsærra orðalag og að með ýmsum

stuðningi geti félagið hvatt til rannsókna á sviði náms- og starfsráðgjafar.

Tilgangur **Hlutverk** félagsins er:

1. að efla náms- og starfsráðgjöf, samheldni og tengsl **félagsfólks félagsmanna** ásamt fag- og stéttarvitund íslenskra náms- og starfsráðgjafa
2. að gæta hagsmuna náms- og starfsráðgjafa við gerð kjarasamninga í stéttarfélögum þeirra þar sem það á við
3. að gæta faglegra og félagslegra hagsmuna náms- og starfsráðgjafa gagnvart innlendum og erlendum aðilum
4. að efla faglegt starf og stuðla að endurmenntun félagsmanna
5. að **hvetja til rannsókna efla rannsóknir** á sviði náms- og starfsráðgjafar
6. að efla samstarf við erlend félög náms- og starfsráðgjafa

Greinargerð við breytingar á 3. grein

Orðalag endurspeglar megin tilgang félagsins sem fram kemur í 2. gr. og rammar betur inn verklag.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

1. Vinna starfi náms- og starfsráðgjafa brautargengi í gegnum ráðuneyti **sem starfi á sviði náms- og starfsráðgjafa, sveitarfélög, stéttarfélög náms- og starfsráðgjafa, samtök atvinnulífsins og samstarf við önnur félagasamtök. mennta- og félagsmála, sveitarstjórnir, samtök kennara, samtök atvinnulífsins og í samstarfi við önnur félagasamtök.**
2. Efla umfjöllun um starfsvettvang náms- og starfsráðgjafa með opinberum greinaskrifum, þátttöku í nefndarstörfum og öðru faglegu samstarfi þar sem fagmennsku náms- og starfsráðgjafa er þörf.
3. Endurskoða reglulega siðareglur FNS og viðhalda umræðu um siðferðileg álitamál.
4. Efna til almennra funda svo og fræðslu- og kynningarfunda um málefni stéttarinnar.
5. Halda úti **miðlum öflugri heimasíðu** með upplýsingum um FNS, fréttum af starfsemi félagsins og aðgengi að tenglum og öðru því efni sem gagnast við náms- og starfsráðgjöf. **Auk þess að efla og styrkja samráð meðal félagsfólks.**
6. **Stuðla að endurmenntun með námskeiðum, fræðslufundum eða ráðstefnum fyrir félagsfólk og miðla upplýsingum Halda reglulega námskeið og fræðslufundi fyrir félagsmenn og veita upplýsingar** um gagnleg námskeið og ráðstefnur innanlands sem utan.

Greinargerð við breytingu á 4. grein

Breytingar á 4. grein laga kveða skýrar að skilgreiningu á því hverjir geta sótt um félagsaðild og umsóknarferli.

Liður 4 í 4. grein laga er felld niður þar sem greinin á ekki við lengur. Nýjum 4 lið er bætt við til að samræma og samhæfa skýringartexta

Ákvæði um innheimtu fært í 6. grein

5. grein laga er felld niður og verður að 6. lið 4. greinar laga FNS til að samhæfa atriði er varða félagsaðild.

Félagsfólk **Félagsmenn** í Félagi náms- og starfsráðgjafa:

1. Fullgilt félagsfólk geta þau ein Fullgildir félagsmenn geta þeir einir verið sem hafa lokið námi í náms- og starfsráðgjöf sem viðeigandi ráðuneyti mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkir og hafa jafnframt löggildingu starfsheitisins frá sama ráðuneyti. Fullgild aðild felur í sér að geta tekið að sér embætti á vegum félagsins ásamt því að eiga atkvæðisrétt á almennum félagsfundum og aðalfundi.
2. Meistaránemar í náms- og starfsráðgjöf geta orðið aukafélagar og hafa tillögurétt og málfrelsi en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi. Nema aðild gildir í tvö starfsár. sótt um nema aðild. Nema aðild veitir aðgang að póstlista félagsins og viðburðum. Hún gildir í tvö ár frá skráningu. Nema aðild telst ekki full aðild samanber skýringu.
3. Félagar á eftirlaunum geta óskað eftir niðurfellingu félagsgjalda. Við 67 ára aldur fellur félagsgjald niður en félagsaðild er áfram fullgild með öllum skyldum og réttindum sem því fylgja. félagsmenn geta áfram verið fullgildir meðlimir.
4. Þeir sem hafa leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 35/2009 geta sótt um aukaaðild.

Þeir félagsmenn sem hafa nú þegar fulla aðild að félaginu halda henni. Inntökubeiðni í Félag náms- og starfsráðgjafa skal vera skrifleg og skulu fylgja með upplýsingar um prófgráður, starfsheiti og vinnustað. Gjaldkeri félagsins sér um innheimtu félagsgjalda í umboði stjórnar. Stjórn FNS sér um félagaskrá og inntöku nýrra félagsmanna.

4) Inntökubeiðni í Félag náms- og starfsráðgjafa skal vera skrifleg. Almennir umsækjendur skulu skila upplýsingum um prófgráður, starfsheiti og vinnustað ásamt afriti af leyfisbréfi. Nemar skulu skila staðfestingu á námi í náms- og starfsráðgjöf.

5) Stjórn FNS sér um félagaskrá og inntöku nýs félagsfólks.

6) Stjórn félagsins getur vikið fólki úr félaginu vinni hann gegn hagsmunum þess og/eða gerist brotlegur í starfi skv. landslögum. Að virtum andmælarétti félagsfólks til stjórnar varðandi brottvikningu úr félaginu getur viðkomandi borið ákvörðun stjórnar undir almennan félagsfund til að fá ákvörðunina fellda úr gildi eða til að fá henni breytt. Eigi félagsaðili vangöldin félagsgjöld eftir að eindaga lýkur fellur hann út af félagaskrá.

Greinargerð við breytingu á 5. grein

Greining er felld niður og efni færð í 4 grein. Verður að 6. lið 4. greinar laga FNS til að samhæfa atriði er varða félagsaðild. Töluliðir annarra lagagreina breytast í samræmi við þetta.

Stjórn félagsins getur vikið manni úr félaginu vinni hann gegn hagsmunum þess og/eða gerist brotlegur í starfi skv. landslögum. Að virtum andmælarétti félagsmanns til stjórnar varðandi brottvikningu úr félaginu getur viðkomandi borið ákvörðun stjórnar undir almennan

félagsfund til að fá ákvörðunina fellda úr gildi eða til að fá henni breytt.

Eigi félagsmaður vangoldin félagsgjöld eftir að eindaga lýkur fellur hann út af félagskrá.

Ný 5. grein

Almennir félagsfundir skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara og teljast þeir ályktunarhæfir. Félagsfundir skulu boðaðir í gegnum póstlista FNS. Stjórn getur boðað til félagsfundar með minnst tveggja daga fyrirvara þegar um áriðandi málefni er að ræða. Félagsfundir geta ályktað um málefni svo framarlega sem fundur hafi verið boðaður með löglegum hætti og $\frac{2}{3}$ fundargesta samþykki ályktun.

Greinargerð við breytingu á 6. grein

Breytingar á 6. grein laga eru gerðar til að hafa skýran ramma um innheimtu félagsgjalda og störf gjaldkera og verður að fimm liðum.

2. liður 5. greinar er fært úr fyrrum 4. grein laga til að samhæfa lagagrein um félagsgjöld og innheimtu þeirra.

3. liður í 5. grein er sett fram m.a. til að tryggja rekstrarfé til komandi starfsárs.

Árgjald félagsmanna skal ákvarðað á aðalfundi án tillits til fundarsóknar. Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember.

1. Félagsgjald félagsfólks skal ákvarðað á aðalfundi án tillits til fundarsóknar.

2. Gjaldkeri félagsins sér um innheimtu félagsgjalda í umboði stjórnar .

3. Félagsaðild gildir fram yfir næsta aðalfund en félagsgjald er að jafnaði innheimt í upphafi starfsárs.

4. Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember.

5. Ársreikningur félagsins er yfirfarinn af skoðunarfólki sem kosin eru á aðalfundi ár hvert.

Greinargerð við breytingu á 7. grein

Hér er bætt við fyrirvara um boðun aðalfundar og er það gert til að samræma tímalínu varðandi framsetningu tillagna um lagabreytingar FNS.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa er haldinn í apríl/maí ár hvert. Hann hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Til hans skal boðað með 2 vikna viku fyrirvara hið skemmsta og er hann þá lögmætur. Afl Meirihluti atkvæða á fundinum ræður úrslitum mála.

Greinargerð við breytingu á 8. grein:

Ársskýrsla og ársreikningur eru kynnt og rædd í aðskildum liðum og borin upp til samþykkis aðalfundar.

Almenn félagasamtök þurfa ekki að skila ársreikningum og því er löggilt endurskoðun kostnaðarsöm og óþörf. Breytingarnar miða við að skoðunarfólk reikninga skoði ársreikning fyrir kynningu á aðalfundi.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Skýrsla stjórnar kynnt og borin upp til samþykktar

Ársreikningur félagsins kynntur og borinn upp til samþykktar yfirfarinn af löggiltum endurskoðanda

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Lagabreytingar

Nefndastörf

Umræður og afgreiðsla mála

Kosning stjórnar, varastjórnar, nefnda, ráða og skoðunarfólks reikninga. fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, fulltrúa norræns samstarfs og fagráða.

Önnur mál.

Greinargerð við breytingu á 9. grein

Dagsetning er fest til að samræma tímalínu á framsetningu á tillögum til lagabreytinga og þess hvenær boðað er til aðalfundar.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga skal senda stjórn fyrir 16. mars ár hvert minnst tveimur vikum fyrir aðalfund og skal stjórnin senda þær til félagsfólks félagsmanna með aðalfundarboði fundarboði. Til lagabreytinga þarf $\frac{3}{4}$ atkvæða fundarfólks.

Greinargerð við breytingar á 10. grein:

Tillaga um fjölgun í stjórn úr fimm í sjö, kallast á við fjölgun verkefna stjórnar og auknu ábyrgðarhlutverki sem felst í faglegri hagsmunagæslu og því að koma náms- og starfsráðgjöf og fagstéttinni enn betur á framfæri í íslensku samfélagi og í alþjóðlegu samhengi. Lagt er til tveggja ára kjörtímabil stjórnar til að tryggja ákveðna samfellu í stjórnarstarfi og festu í stefnumótun þar sem oft er um langtímamarkmið að ræða. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi tilfærslu á uppsafnaðri þekkingu frá einum formanni til annars og lagt til að fráfarandi formaður verði ráðgefandi í heilt starfsár.

1. Stjórn félagsins skal skipuð sjö fulltrúum félagsfólks fimm mönnum og tveimur til vara. Hver fulltrúi er kjörinn til tveggja ára í senn.
2. Formann skal kjósa sérstaklega
3. Stjórn félagsins skiptir með sér verkum.
4. Skipa skal í hlutverk varaformanns, gjaldkera, ritara, upplýsinga/vefstjóra og norræns fulltrúa varaformanns hið minnsta.
5. Við stjórnarkjör skal tryggt að ekki gangi fleiri en þrír úr stjórn í einu.
6. Þegar formannsskipti verða er fráfarandi formaður ráðgefandi aðili fyrir stjórn í heilt starfsár fram til næstu áramóta.
7. Ekki er heimilt að sitja lengur í stjórn en 4 ár í senn. Formaður getur setið í því

embætti í 4 ár óháð fyrri stjórnarsetu.

Greinargerð um breytingar á 12. grein:

Á þeim rúmum 40 árum sem Félag náms- og starfsráðgjafa hefur starfað hefur umfang félagsstarfsins aukist í takt við fjölda félagsfólks og faglega og kjaralega hagsmunagæslu. Stjórnar- og nefndarstörf endurspeglar þetta starf hverju sinni.

Stjórn FNS leggur til breytingar á 12. grein laga sem fjallar um störf nefnda, fagraða og norræns fulltrúa FNS. Breytingarnar fela í sér ýmist fjölgun eða fækkun í nefndum og ráðum til að auka samlegðaráhrif félagsstarfsins og gera stjórnsýslu þess enn skilvirkari.

Til að auka stöðugleika í stjórn félagsins er lagt til að kjörtímabil flestra nefnda og ráða verði tvö ár þannig að hámark nefndar- og ráðssetu eru tvö kjörtímabil. Stjórnar- og nefndarseta krefst ákveðins aðlögunartíma og með lengingu á kjörtímabili er verið að tryggja ákveðna samfellu í félagsstarfi. Félagfólk sem kosið er til trúnaðarstarfa hefur ráðrúm til að átta sig á nefndarstarfi og tryggja ákveðna innri og ytri uppbyggingu í samræmi við stefnu stjórnar hverju sinni.

Lögð er til breyting á starfssviði fagraða og hægt verði að leita til þeirra vegna beiðna um umsagnir og stefnumótandi málefni. Hlutverk og starfsrammi fagraðs verður skýrara.

Nefndir, fagrað FNS og fulltrúi í norrænu samstarfi. Fulltrúi í norrænu samstarfi, nefndir og fagrað FNS.

Fræðslunefnd skal jafnan starfrækt í FNS. Hún er skipuð fimm fulltrúum félagsfólks félagsmönnum og er hver fulltrúi kjörinn til tveggja ára í senn. Starfssvið hennar er að vinna að fræðslu- og endurmenntunarmálum. Hún gerir tillögur um og skipuleggur fræðslu og endurmenntun á vegum FNS í samræmi við lög FNS 2.1 og 2.4 í samráði við stjórn og aðrar nefndir og ráð. í samráði við stjórn félagsins.

Siðanefnd skal jafnan starfrækt í FNS. Nefndin skal skipuð fimm fulltrúum félagsfólks, þar af einum úr stjórn félagsins og er hver fulltrúi kjörinn til tveggja ára í senn. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafar. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum þar af einum úr stjórn félagsins.

Kjaranefnd skal jafnan starfrækt í FNS. Nefndin skal skipuð fimm fulltrúum og er hver fulltrúi kjörinn til tveggja ára í senn. Hlutverk hennar er að taka saman upplýsingar um kjaramál náms- og starfsráðgjafa og upplýsa stjórn og félagsfólk félagsmenn FNS um hagsmunamál í kjarasamningum. Nefndin er Nefndarmenn eru einnig tengiliðir, fyrir hönd stjórnar FNS, við þau stéttarfélög sem félagsfólk að félagsmenn FNS eru aðilar að.

Ritnefnd Upplýsinga- og kynningarnefnd skal jafnan starfrækt í FNS. Ritnefnd er skipuð þremur fulltrúum og er hver fulltrúi kjörinn til tveggja ára í senn. Hlutverk hennar er að fylgja

eftir vef- og efnisstefnu FNS hverju sinni sem tekur til allra miðla félagsins og hafa umsjón með þeim. Vefstjóri FNS er tengiliður stjórnar við ritnefnd. hafa umsjón með heimasíðu félagsins og hvetja félagsmenn til þess að birta þar efni er tengist störfum náms- og starfsráðgjafa. Hún skal einnig hvetja til og koma að hvers kyns markaðs- og kynningarmálum félagsins með það að leiðarljósi að auka skilning almennings á eðli og umfangi náms- og starfsráðgjafar.

Eitt Fjögur fagráð skal skulu jafnan starfrækt í FNS. Það skal skipað tveim fulltrúum félagsfólks af hverjum starfsvettvangi náms- og starfsráðgjafa. Fagráð velur sér formann til eins árs í senn sem gegnir jafnframt hlutverki tengiliðs við fulltrúa stjórnar. Tilgangur fagráðs er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á hvers kyns starfsvettvöngum. Einnig er hægt að leita til fagráðs varðandi umsagnir félagsins um frumvörp, þingsályktanir og annað sem tengist stjórnarsýslu og stefnumótun. Fagráð getur boðað til félagsfundar um málefni fags og stéttar. Hvert þeirra er skipað þremur félagsmönnum og þar af skal leitast við að einn í hverju fagráði sitji í stjórn. Fagráð skulu skipuleggja a.m.k. einn viðburð á starfsári og skapa samráðsvettvang fyrir náms- og starfsráðgjafa. Hlutverk fagráða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur (grunn-, framhalds- og háskóla), í fyrirtækjum og á atvinnumiðlunum.

Norrænn fulltrúi FNS í norrænu samstarfi er eitt af embættum stjórnar. Æskilegt er að fulltrúi FNS í norrænu samstarf sitji í stjórn félagsins. Hlutverk fulltrúa er að taka þátt í stjórn Norrænu samtaka náms- og starfsráðgjafa (NFSY) fyrir hönd FNS og upplýsa um bæði starfseminna hér á landi og það sem gerist á norrænum vettvangi. upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Honum ber einnig að upplýsa stjórn Norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

Uppstillingarnefnd skal skipa fyrir aðalfund FNS. Í henni sitja þrír fulltrúar hið minnsta. Hún óskar eftir tilnefningum í trúnaðarstörf, nefndir og ráð félagsins. Félagsfólk getur Félagsmenn geta boðið sig fram til slíkra starfa og fer kosning fram á aðalfundi ef með þarf.

Ekki er heimilt að sitja lengur í nefndum og fagráðum en 4 ár í senn. Hið sama gildir um fulltrúa í norrænu samstarfi. Nefndir og ráð skulu, í lok starfsárs, skila greinargerð til stjórnar FNS um starf nefndarinnar/ráðsins.

Greinargerð við breytingar á 13. grein:

Breytingar á 13. grein skilgreina betur umgjörð stjórnarfunda og boðun.

Stjórnarfundir eru skipulagðir í samræmi við starfsáætlun hverju sinni. Breytingar á stjórnarfundum skal boða Stjórnarfundir skal boða með tryggilegum hætti og með eins dags fyrirvara, ef unnt er. Stjórnarfundur er ályktunarfær, ef meirihluti stjórnar fólks sækir þrír stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Við jöfn atkvæði

ræður atkvæði formanns úrslitum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

4. Starf stjórnar

Á fyrsta fundi stjórnar var hlutverkum skipt á eftirfarandi hátt:

- Jónína Kárdal kjörinn formaður á aðalfundi og aðstoðar við miðlun upplýsinga á vef og samfélagsmiðlum FNS
- Steinar Sigurjónsson varaformaður og tengiliður við ákveðnar nefndir
- Jóhanna María Vignir ritari og tengiliður við ákveðnar nefndir
- Hildur Björg Vilhjálmsdóttir gjaldkeri og tengiliður við ákveðnar nefndir
- Nanna Halldóra Imsland vefritstjóri og tengiliður við ákveðnar nefndir
- Margrét Rósa fulltrúi í norrænu samstarfi
- Aníta Jónsdóttir, umsjón með félagatali og tengiliður við ákveðnar nefndir
- Kristín Birna, varastjórn og tekur þátt í stjórnarstarfi
- Laufey, varastjórn og tekur þátt í stjórnarstarfi

Stjórn FNS 2024-2025 hélt 11 fundi og voru þeir alla jafna á mánaðar fresti. Reynt var að halda því vinnulagi sem fyrri stjórn lagði upp með, að undirbúa málefni á vinnufundum og afgreiða þau formlega á stjórnarfundum. Stjórnin notaði Facebook síðu stjórnar til samskipta á milli funda. Stjórnarfundir voru haldnir í fjarfundarformi þar sem hluti stjórnar býr út á landi. Starf FNS er yfirgripsmikið og til að leggja upp fyrir starfsárið 2024-2025 var skipulagður vinnufundur í kjölfar annars stjórnarfundar í júní.

Meðal stærstu verkefna í ár var að ljúka endurskoðun á starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa, haustráðstefna félagsins, samskiptaleiðir og samráðsvettvangur félagsfólks og umsókn um aðild í Academias KA1 á vegum Erasmus. Stjórnarfolk var tengiliðir við fagráð og nefndir og studdu við starfsemi þeirra eftir óskum og samhliða því að skýra frá starfsemi þeirra og beiðnum. Stjórnin hélt áfram að leggja áherslu á samstöðu, sýnileika og stafræna hæfni í félagsstarfi. Með öflugri félagsstarfsemi, virkri tengslamyndun við hagaðila, samtali við menntamálayfirvöld og frumkvæðis að samstarfi má segja að vel hafi tekist að koma þessum áherslum bæði á framfæri og samþætta í félagsstarf vetrarins.

Endurgerð starfslýsingar náms- og starfsráðgjafa

Til þess að efla starfsgrundvöll fags og stéttar ákvað stjórn FNS 2023 að ráðast í endurgerð starfslýsingar fyrir náms- og starfsráðgjafa. Rúm 20 ár eru liðin frá því að Félag náms- og starfsráðgjafa setti saman starfslýsingu. Á þessum tíma hafa störf náms- og starfsráðgjafa breyst og þróast í alþjóðlegu samhengi sem og hér innanlands auk þess sem nútíma tækni og samfélagsbreytingar setja mark sitt á starfið. Ný starfslýsing er stéttinni mikilvæg sem stuðningur við stefnumótun og sem leiðarljós í störfum náms- og starfsráðgjafa. Starfslýsing getur einnig verið mælikvarði og grundvöllur fyrir launaröðun og réttindum á vinnumarkaði.

Fagráð FNS greip boltann og unnu á haustmánuðum 2023 með niðurstöðurnar og skiluðu af sér bráðabirgða drögum í janúar 2024. Fagráðið vann áfram í gögnunum og setti saman í eitt heildar skjal þar sem starfsþættir náms- og starfsráðgjafa koma fram. Næstu skref verða að draga fram þá þætti sem teljast sameiginlegir og þá sem aðgreina störf náms- og starfsráðgjafa á mismunandi starfsvettvangi. Fagráði eru færðar miklar þakkir fyrir þessi störf og tekur stjórn FNS nú við þeim bolta að útbúa starfslýsinguna á þann máta að hægt sé að leggja fram heildstæða starfslýsingu til samþykktar á félagsfundi.

Aðild að stefnumörkun

Stjórn FNS hefur ýmist verið beðið um að veita umsagnir eða haft frumkvæði að því þegar kemur að framlagningu frumvarpa til laga eða þingsályktunartillögur. Á þessu starfsári sendi stjórnin í samráðsgátt Umsögn Félags náms- og starfsráðgjafa um drög að lagabreytingu: breyting á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 (staðfesting námsbrauta, vinnustaðanám, innritun o. fl.).

- **2. grein – breyting á 4.grein**

- Samstarf er af hinu góða og opnar fyrir nýsköpun. FNS vill leggja mikla áherslu á að ef til samstarfs framhaldsskóla kemur um rekstur ákveðinna þátta í starfi skólans má það hvorki draga úr gæðum starfs eða né þeirrar þjónustu sem nemendur njóta skv. lögum. Hér er vísað til rétt nemenda um að njóta náms- og starfsráðgjafa af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.

- **4. grein frumvarps – breyting á 12. Grein**

- FNS vill leggja áherslu á að undir þessum lið sé þess sérstaklega gætt að fylgja eftir þeim réttindum nemenda að njóta að náms- og starfsráðgjafa af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa. Hér er vísað í lið 12.e. Tryggja verður í lengstu lög að ráðinn verði aðili sem uppfylla þessi skilyrði og ef það gengur ekki eftir að upplýsa ráðuneyti um þá stöðu til að hægt sé að bregðast við með ákveðnum hætti.

- **5. gr. frumvarps – breyting á 14. grein Skóla- og kennarafundir**

- FNS fagnar heilshugar nýrri málsgrein þar sem náms- og starfsráðgjafar eru tilteknir í upptalningu alls fagfólks framhaldsskólanna þegar fjallað er um námsorlof. Námsorlof er ákveðinn forsenda starfsþróunar og það á jafnt við um náms- og starfsráðgjafa sem og annað fagfólk framhaldsskólanna.

- **6. gr. frumvarps - 16. – 20. grein**

- Þessar greinar fjalla um fyrirkomulag mismunandi gerð prófa og lok náms frá framhaldsskólum. Tryggja verður að samræmdar gæða upplýsingar um skipulagningu náms séu til reiðu fyrir alla þá sem hafa hug á að stunda nám á framhaldsskólastigi þannig að unnt sé að stuðla að því að einstaklingar geti tekið upplýstar og ígrundaðar ákvarðanir um nám sitt hverju sinni. Þetta er mikilvægur liður þegar horft er til náms- og starfsferils einstaklinga og möguleika á sí- og endurmenntun.

- **7. grein frumvarps - 21. grein Aðalnámskrá**

- FNS ítrekar mikilvægi þess að tryggja aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og þar með náms- og starfsfræðslu fyrir öll sem stunda nám, hvort sem um er að ræða á grunn- eða framhaldsskólastigi eða framhaldsfræðslu. Náms- og starfsfræðsla ásamt ráðgjöf hefur reynst vel sem forvörn gegn brotthvarfi og styður við þróun farsæls náms- og starfsferils, eins og fram hefur komið í bæði innlendum og erlendum rannsóknum¹.
- FNS telur mikilvægt að tækifæri gefist til að festa í sessi náms- og starfsfræðslu á framhaldsskólastigi og væri það liður í að efla færni nemenda til að taka stjórn á eigin náms- og starfsferil sem dregur úr brotthvarfshættu. Hér gefst kjörið tækifæri til að festa náms- og starfsráðgjöf og undirgrein hennar náms- og starfsfræðslu í sessi með því að gera henni skil í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskólanna og að hún verði hluti kjarnagreina. Jafnframt er hægt að skilgreina náms- og starfsfræðslu sem hluta af kjarna viðmiðunar námsbrauta í heimild ráðherra til að gefa út námsbrautarlýsingar sem framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar í starfi sínu og væri hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla. Þessi gjörningur yrði mikið framfaraskref fyrir nemendur og skólastarf, væri liður í að efna Menntastefnu 2030 og til eftirbreytni á erlendri grundu.
- **14. grein frumvarps Ábyrgð nemenda**
 - Þegar aðstæður nemenda breytast, bæði í námi og persónulegu- og félagslegu tillit, leita þeir oft fyrst til náms- og starfsráðgjafa í sínum skóla. Náms- og starfsráðgjöfum er í mun að vinna að velferð og farsæld nemenda og taka þátt í umræðu skólans um stuðningsparfir nemanda ef hegðun, skólasókn eða námsárangur hans reynist áfátt.
 - Þessi breyting á grein um ábyrgð nemenda er til góða þar sem skýr rammi er settur fram um ábyrgð þeirra á eigin námi, framkomu og samskiptum og viðbragði skólans ef eitthvað bjátar á. Mikilvægt er að náms- og starfsráðgjafar séu kallaðir til, til að styðja nemandann og vinna sameiginlega að lausnum viðkomandi til farsældar.

5. Sýnileiki

Vefur og samfélagsmiðlar

FNS rekur sinn eigin vef, fns.is og heldur úti tveimur samfélagsmiðlum, Facebook og Instagram. Stjórn FNS tók þá ákvörðun að ráða vefumsjónarmann sem heldur utan um helstu uppfærslur vefsins ásamt því að geta bætt inn nýjum viðbótum ef til þess kemur. Hann vinnur verktakavinnu annan hvern mánuð og verður það í verkahring vefritstjóra að halda utan um samskipti við hann, að auki formanns.

¹ María Dóra Björnsdóttir. (2018). Mat á áhrifum náms- og starfsráðgjafar fyrir framhaldsskólanema (óútgefin doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík


Náms- og starfsráðgjafar þekkja mikilvægi þess að hafa aðgang að upplýsingum og í því skyni var fundur haldinn með aðilum frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu til að ræða endurskoðun á innritunarferli í framhaldsskóla og að MMS taki við að halda utan um auglýsingar um opin hús í framhaldsskólum svo það sé hægt að hafa miðlægan grunn þar sem nemendur ráðgjafar og annað starfsfólk hafa aðgang að þessum upplýsingum. Vefur FNS gæti þá frekar nýst til að halda utan um opin hús framhaldsskólanna sem ætluð eru náms- og starfsráðgjöfum til upplýsinga. Margrét Rósa, Hildur og Kristín mættu á fundinn. MMS tóku vel í hugmyndina um að taka yfir þá upplýsingamiðlun um opin hús framhaldsskólanna og er framtíðarsýnin sú að allt verði gert innan heimasíðu Næsta skrefs. Einnig rætt um sérnáms/starfsbrautirnar, samþykkt var að þau tæki þær áhyggjur með sér í ráðuneytið og reynt að hafa líka opin hús fyrir sérnáms/starfsbrautirnar. Í framhaldi var sendur póstur á póstlista félagsins þar sem útlistað að innritun.is og naestaskref.is haldi utan um opin hús fyrir nemendur og aðstandendur og að fns.is muni halda utan um opin hús fyrir náms- og starfsráðgjafa.

Enn liggur fyrir það verkefni að mynda vef- og efnisstefnu allra miðla FNS og helst það markmið í hendur við það að efla stafræna hæfni. Ekki náðist að vinna að því á þessu starfsári eins og stóð til. Fyrsta skrefið í því verkefni er þó miðlæg umræða og verður slík umræða á dagskrá aðalfundar 7. apríl 2025.

Hvað er fréttan?

Stjórn FNS stóð fyrir gjaldfrjálssu námskeiði í lok ágúst 2024 fyrir félagsfólk undir heitinu: *Hvað er að fréttan?*

Markmið námskeiðsins var að efla færni félagsmanna í að skrifa texta sem hægt væri að nýta t.d. eigin vef, vefjum fyrirtækja, stofnana, félaga eða samfélagsmiðlum og þar með efla sýnileika náms- og starfsráðgjafar og fagstéttarinnar. Umsjónarmaður námskeiðsins var Björn Gíslason, kynningar- og vefritstjóri Háskóla Íslands sem hefur yfir tveggja áratuga reynslu af því að skrifa efni fyrir vefmiðla, bæði fjölmiðla og vefi stofnana, og hefur enn fremur umfangsmikla reynslu af miðlun á samfélagsmiðlum. Hann er með BA-gráðu í íslensku og meistaragráðu í blaða- og fréttamennsku. Námskeiðið stóð yfir í þrjár vikur og var almennt fjallað um skrif fyrir ólíka miðla, hvernig eigi að byggja þau upp og hvað ber að varast. Auk þess völdu þátttakendur sér umfjöllunarefni til að skrifa um, fengu endurgjöf á skrif sín og deildu afrakstrinum. Námskeiðið var haldið á staðnum og í fjarfundabúnaði og mæltist vel fyrir. Þátttaka var góð og að jafnaði mættu 10 manns.



[Nánar um námskeiðið á vef FNS](#)

Mín Framtíð

Á landsmóti iðnnema og helstu framhaldsskólakynningu landsins, Mín Framtíð, sem haldin var í Laugardalshöll 11.-13. mars 2025 var FNS falið nýtt hlutverk. Fyrri ár hefur félagið haft bás í aðalsal sýningarinnar en að þessu sinni var borin undir stjórn félagsins sú hugmynd að FNS yrði með aðsetur í fyrirlestrarsal hallarinnar þar sem boðið væri upp á skynvænt umhverfi, almenna ráðgjöf og spjall. Stjórn félagsins tók vel í þá hugmynd og gekk framkvæmdin vonum framár.

Viðurkenning fyrir framlag til náms- og starfsráðgjafa 2024

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur veitt félagsmanni viðurkenningu fyrir framlag til nærsamfélagsins, fagsins og stéttarinnar allt frá árinu 2006. Tilgangur slíkrar viðurkenningar er að vekja athygli á fagmennsku og nýsköpun í starfi náms- og starfsráðgjafa og framlagi einstakra félagsmanna til fags og stéttar. Í ár hlaut Þórdís Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi við Tækniskólann, viðurkenningu félagsins en þau voru afhent á árlegri haustráðstefnu FNS þann 17. október síðastliðinn.

Framlag Þórdísar felst í starfi hennar með fólki af fjölbreyttum uppruna, að stuðla að auknu menningarnæmi í starfi og skilningi á aðstæðum fólks í viðkvæmri stöðu.

Á starfsferli sínum sem náms- og starfsráðgjafi hefur hún unnið af mikilli fagmennsku og alúð að málefnum einstaklinga með skerta starfsgetu, nemenda með íslensku sem annað mál og nemenda sem eru í brotthvarfshættu. Hún hefur lagt sig fram við að þessir hópar njóti jafnréttis og jafnræðis þegar kemur að námi og starfi. Hún hefur skýra sýn á hvernig náms- og starfsráðgjöf getur breytt aðstæðum fólks í viðkvæmri stöðu og þeirra sem hafa íslensku sem annað mál.

Þórdís hefur komið að menntun náms- og starfsráðgjafa með því að skipuleggja og kenna námskeiðið Hópráðgjöf og fjölmenningarleg ráðgjöf við námsbrautina við Háskóla Íslands. Þar leggur hún mikilvægt lóð á vogarskálarnar við að efla þekkingu og skilning á menningarnæmi og fjölbreytileika innan fagstéttarinnar.

[Sjá frétt á vef FNS](#)

6. Samstarf

Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafa á Íslandi - Euroguidance

Samstarf við Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafa á Íslandi - Euroguidance hefur verið farsælt frá stofnun þess og hún verið sterkur bakhjarl félagsins. Stuðningur Evrópumiðstöðvarinnar hefur meðal annars verið fólgin í styrk vegna ráðstefnu í tengslum

við Dag náms- og starfsráðgjafar sem er mikils metið. Eydís Inga Valsdóttir er verkefnisstjóri Evrópumiðstöðvarnar og er tengiliður við FNS. Í samráði við hana hefur FNS óskað eftir þátttöku í svokölluðu Academias verkefni, en það er samstarfsverkefni félaga náms- og starfsráðgjafa víðs vegar í Evrópu. Stjórn FNS er spennt fyrir þessu samstarfi og er það nú á tilrauna stigi og hófst með umsókn FNS að úthlutun úr KA1 styrktarsjóði Erasmus+ og með fyrirhugaðri rannsóknar ferð Jóhönnu Maríu og Anítu Jónsdóttur í boði Euroguidance.

Vinnustofa Dr. Norm Amundson og Andreu Fruhling - fjölbreyttar aðferðir og sköpun í náms- og starfsráðgjöf

Í lok mars 2025 var haldin vinnustofa þar sem Dr. Norm Amundson og Andrea Fruhling fjölluðu um *Career Wayfinding: Discovering your career through delightfully practical projects*. Þau sem voru bakhjarlar og studdu fjárhagslega við komu þeirra Amundson og Fruhling, sem eru feðgin, og mynduðu sannkallaða breiðfylkingu aðila í náms- og starfsráðgjöf voru: Euroguidance, EPALE, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS), námsbraut í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands og félagið, Félag náms- og starfsráðgjöf. Þessi stuðningur gerði það kleift að félagsfólki og meistaranemum var boðin endurgjaldslaus þátttaka.. Jónína Kárdal náms- og starfsráðgjafi hafði umsjón með skipulagningu á komu Amundson og Fruhling til landsins.

Mjög góð þátttaka var á meðal félagsfólks á vinnustofuna sem fór fram á Beryaja Hótel Natura, Um 40 manns voru á staðnum, þar á meðal meistaranemar og um tuttugu í gegnum Zoom fjarfundafundabúnað. Af þessum viðburði má læra hversu dýrmætt það er að efna til faglegra alþjóðlegra tengsla og skiptir máli að sinna því með sem besta móti.

Alþjóðleg samstarf

IAEVG

Formaður FNS er landsfulltrúi IAEVG (National Correspondent) og hefur tekið þátt í staðfundum á vegum IAEVG sem fóru fram á ráðstefnu samtakanna í Jyväskylä í nóvember 2024. Tilgangurinn með samstarfinu er að efla netverk landsfulltrúa um heiminn og kynna það sem er efst á baugi í aðildarlöndum IAEVG. Það er mikilvægt fyrir FNS að vera hluti af alþjóðlegu netverki og taka þátt í umræðum um fagið, kynnast stöðu náms- og starfsráðgjafar á heimsvísu og ekki síst að læra af hvort öðru. Dýrmæt tengsl verða til sem geta leitt til samstarfs og samráðs. Félag náms- og starfsráðgjafar hefur margvíslegu að miðla og framlag að færa.

Alþjóðleg ráðstefna samtakanna var haldin dagana 12. - 14. nóvember í Jyväskylä í Finnlandi og var yfyrskriftin: *Riding the wave of change*. Fjölmennur hópur náms- og starfsráðgjafa sótti ráðstefnuna og var mikið rætt um efni hennar og hagnýtingu þess heima fyrir.

Jaana Kettunen, forseti IAEVG samtakanna bauð Jóhönnu formanni FNS á fund í október 2024 þar sem borin var upp sú hugmynd að FNS myndi halda alþjóðlega ráðstefnu samtakanna haustið 2025. Það að vera boðið slíkt hlutverk er mikill heiður fyrir fagfélag sem okkar, sýnir ákveðið traust en stjórnin mat það sem svo að ekki væri tímabært að þiggja boðið á þessum tímapunkti. IAEVG er mjög stór viðburður á alþjóðavísu og mikilvægt að standa vel að undirbúningi og framkvæmd.

Norrænt samstarf

Margrét Rósa Haraldsdóttir er fulltrúi FNS í NFSY. NFSY eða Nordiska förbundet för studie- och yrkesvägledning eru regnhlífarsamtök allra samtaka náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum. Með aðild að NFSY eiga landssamtök Norðurlandanna greiðan aðgang að alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa, IAEVG eða International Association for Educational and Vocational Guidance. Frá því á aðalfundinum í apríl 2023 hafa Danir séð um formennsku og verða það fram að aðalfundi 2026.

Þann 9. nóvember 2024 var haldin haustfundur með rafrænum hætti. Á fundinum var kynning frá Ilze Jansone frá Lettlandi (Gjaldkeri IAEVG) um endurnýjun á starfs viðmiðum náms- og starfsráðgjafa í tengslum við umbætur á háskólastigi ásamt því að fara yfir Academia og mikilvægi þess. Fulltrúar hvers lands áttu að segja frá helstu verkefnum náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum.

Aðalfundur NFSY verður haldinn í Kaupmannahöfn 25. og 26. apríl 2025 þar sem fyrri dagurinn verður nýttur í heimsóknir í Kaupmannahafnarháskóla þar sem verður kynning á náms- og starfsráðgjöf í tengslum við háskólanám og svo á skrifstofur Studieval København þar sem farið verður yfir ráðgjöf fyrir fólk yngra en 25 ára á leið í nám. Seinni daginn verður svo aðalfundurinn haldinn og þá verða hefðbundin aðalfundarstörf þar sem ársskýrslu er skilað ásamt því að sagt verður frá helstu verkefnum og áherslum hvers félags. Eins og áður er þema á hverjum fundi en þemað í ár verður í tengslum við háskólanám, það er: Uppbygging/aðgangur að háskólanámi og stuðningur sem stendur til boða. Eitt af markmiðum NFSY er að efla tengslanet félagsmanna á Norðurlöndunum og hefur það m.a. verið gert með því að hvetja félagsmenn til að setja sig í samband við einhvern úr stjórn NFSY ef óskað er eftir tengslum, samvinnu eða samskiptum á milli landa. Sem stendur er heimasíðan nfsy.org í lamasessi og hefur ekki verið hægt að uppfæra upplýsingar þar. Auðveldast er að hafa samband við norrænan fulltrúa FNS sem getur komið félagsmönnum í samband við norræna fulltrúa og félög á hinum norðurlöndunum.

7. Félagatal og félagsaðild

Samkvæmt lögum félagsins geta þau orðið fullgilt félagsfólk sem hlotið hafa löggildingu á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi og hafa lokið tilskyldu námi. Þar fyrir utan er hægt að sækja um nemaaðild að félaginu. Einnig segir að ef félagsgjöld eru ekki greidd falli viðkomandi út af félagaskrá. Í haust, eftir að greiðsluseðlar voru sendir út, var farið í gegnum

félagatalið og póstlistann, ítrekanir sendar og félagsfólki sem ekki hafði greitt félagsgjöld innan tveggja vikna frá ítrekun var fært af báðum listum. Ítrekanir voru aftur sendar út í nóvember og að því loknu hreinsað til í félagatalinu. Á líðandi starfsári voru 12 félagsaðildir nýskráðar í félagatalið, þar af 10 almennar aðildir og 1 nemaaðildir (talið frá 1. ágúst 2024 - 31. mars 2025). Að auki voru sex umsóknir með ógreidd félagsgjöld eða beðið eftir gögnum.

291 einstaklingur var skráður í félagið þann 31. mars 2025; 255 almennar aðildir og 24 félagar sem komin voru á eftirlaun. Félagar á eftirlaunaaldri þurfa ekki að greiða félagsgjöld en teljast samt áfram fullgildir félagar. Nemaaðildir að félaginu eru 12 talsins en mikilvægt er að halda vel utanum hvenær nemar eru teknir inn í félagið þar sem aðildin gildir einungis til 2 ára (ef félagsgjöld eru greidd). Haldið er utan um félagatalið á lokuðu svæði, umsjónarmaður félagatals sér um móttöku umsókna og afgreiðslu, uppfæra upplýsingar á póstlista og skrá nýtt félagsfólk á innri vef í samvinnu við vefstjóra. Haldið er utanum kennitölu, nafn, netfang og símanúmer félagsfólks og aðildar form. Mikilvægt er að félagatal, póstlisti og innri vefur félagsins séu samræmd og að upplýsingar um félagsfólk séu réttar.

8. Fjarreiður og félagsgjöld

Tilgangur félagsins er að efla náms- og starfsráðgjöf, samheldni og tengsl félagsmanna ásamt fag- og stéttarvitund íslenskra náms- og starfsráðgjafa, gæta hagsmuna náms- og starfsráðgjafa við gerð kjarasamninga í stéttarfélögum þeirra þar sem það á við, gæta faglegra og félagslegra hagsmuna náms- og starfsráðgjafa gagnvart innlendum og erlendum aðilum, efla faglegt starf og stuðla að endurmenntun félagsmanna, efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafa og efla samstarf við erlend félög náms- og starfsráðgjafa.

Félagar á starfsári voru 291 en þar af greiddu 261 félagsgjöld. Ársreikningur var unninn af gjaldkera félagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og yfirfarinn af skoðunarmanni sem kosinn var á aðalfundi 2024. Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2024 er byggður á bókhaldi þess.

Tekjur af félagsgjöldum voru kr. 1.827.000 og jukust þau um kr. 189.000 á milli ára sem má rekja til hækkunar félagsgjalda úr kr.6.000 í kr. 7.000. Hagnaður af rekstri var kr. 1.455.706 en við árslok var fé í banka kr. 5.503.598. Tekjur vegna haust ráðstefnu námu kr. 2.006.000 en kostnaður við ráðstefnuna nam kr 2.029.704. Styrkir vegna námskeiða og ráðstefnukostnaðar námu 1.034.017 kr. Stjórn félags náms- og starfsráðgjafa telur ársreikninginn endurspegla rekstur félagsins og stöðu við árslok og þróun fjárhags.

9. Greinargerð frá ráðum og nefndum

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd FNS árið 2024 – 2025 skipuðu: Hrönn Grímsdóttir, Ingibjörg Hanna Björnsdóttir, Jónína Riedel, Kristín Erla Þráinsdóttir og Lýdía Kristín Sigurðardóttir.

Fræðslunefnd fundaði 15 sinnum í vetur en misjafnt var hversu langt leið á milli funda og hveru langir fundirnir voru. Haldið var utan um sameiginleg gögn og vinnuskjöl frá fundum á Google Drive. Fræðslunefnd er með netfangið fnsfraedsla@gmail.com.

Eftirfarandi fræðsluviðburðir áttu sér stað á starfsárinu 2024-2025:

Dagur náms- og starfsráðgjafa

VÖXTUR OG VELLÍÐAN var yfirheiti ráðstefnu FNS sem haldin er í tilefni Dags náms- og starfsráðgjafa. Hún var haldin á Reykjavík Natura, fimmtudaginn 17. október 2024.

Fræðsluerindin voru eftirfarandi:

- Sigríður Indriðadóttir: Er ég í þögla hernum... eða vel ég að vera valdefldur leiðtogi
- Björgvin Franz: Okið undan sjálfum mér
- Ragnhildur Þórðardóttir (Ragga nagli): Heilbrigð mörk – lærum að setja og virða mörk

Fundarstjórn og kynning var í höndum fræðslunefndar. Til að sjá nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunar má [lesa þessa frétt](#) af heimasíðu FNS.

Fræðslufundur – Áhrif skjátíma á þroska og líðan barna

Fundurinn var haldinn á Zoom þann 4. febrúar kl. 14:30. Unnur Arna Jónsdóttir, eigandi Hugarfrelsis, hélt fyrirlestur um áhrif skjátíma á börn. Unnur Arna sérhæfir sig í vellíðan barna og hefur á vegum Hugarfrelsis haldið fjölbreytt námskeið og fyrirlestra með einföldum aðferðum til að efla sjálfsmynd og vellíðan. Milli 50 - 60 manns sótti þennan fræðslufund.

Fræðslufundur – Gervigreind

Fundurinn var á Zoom þann 18. mars kl. 14:30. Á fundinum deildu náms- og starfsráðgjafar reynslu sinni af notkun gervigreindar í sínum störfum. Fundurinn var umræðufundur, Jónína Riedel náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla og Kristín Erla Þráinsdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá fullorðinsfræðslu deildu sinni reynslu. Um 40 manns sótti þennan fræðslufund.

Fræðslufundur – Ég og framtíðin

Fundurinn verður haldinn á Zoom þann 7. maí kl. 14:30, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Arnar Þorsteinsson kynna efnið *Ég og framtíðin* sem er verkefnabók í náms- og starfsfræðslu fyrir nemendur í grunnskóla.

Að lokum

Dagur náms- og starfsráðgjafa var haldinn hátíðlegur á ráðstefnu félagsins 17. október. Tæplega 100 manns sóttu ráðstefnuna. Hann heppnaðist einstaklega vel og var félagsfólk mjög ánægt með daginn. Eftir ráðstefnuna var ráðstefnugestum send könnun um ráðstefnuna. Almennt voru svörin mjög jákvæð en 94,1% töldu ráðstefnuna mjög gagnlega. Almennt þótti félagsfólki fyrirlestrar, húsnaði og heildarskipulag ráðstefnunnar takast mjög vel. Það komu ábendingar um að mögulega mætti ákveða dagsetningu dagsins að vori til að tryggja það að fólk geti tekið daginn frá. Einnig er ákall á meðal félagsfólks um að halda ráðstefnuna aftur út á landi. Fjölmargar hugmyndir komu fram um áhugaverð viðfangsefni sem hægt er að hafa á næstu ráðstefnu sem komandi fræðslunefnd getur unnið úr.

Í framhaldi af degi Náms- og starfsráðgjafa var ákveðið að hefja vinnu við að setja saman skýran verkferil fyrir undirbúning ráðstefnu sem haldin er á degi náms- og starfsráðgjafa. Mikilvægt er að það komi fram í þessum verkferli hvert hlutverk fræðslunefndar er og hvert hlutverk stjórnar er. Fræðslunefnd byrjaði þessa vinnu og hélt fund með stjórn. Stjórn ætlaði að skoða þetta mál betur sín megin en hefur ekki skilað neinum niðurstöðum. Fráfarandi fræðslunefnd hvetur komandi fræðslunefnd að halda þessari vinnu áfram því með skýrum verkferli eru minni líkur á að eitthvað gleymist og að tvíverknaður eigi sér stað. Þegar verkferill er til staðar er hægt að úthluta ábyrgð á hverju verkefni með skýrum hætti. Það er reynsla fráfarandi nefndar að mjög óskýrt er hvert hlutverk Fræðslunefndar er og hvert hlutverk stjórnar eru í skipulagi á Degi náms- og starfsráðgjafa. Með því að búa til skýran verkferil má útrýma eða a.m.k. fækka óvissuþáttum sem gerir undirbúning ráðstefnunnar skipulegri og markvissari.

Fræðslunefnd tók að sér að hvetja félagsfólk til að sækja ráðstefnu IAEVG sem haldin var í Jyväskylä í Finnlandi, 12. - 14. nóvember 2024. Ráðstefnan bar yfirskriftina „*Riding The Wave Of Change*“. Hver og einn sá um að kaupa sér miða og skipuleggja sitt ferðalag. 15 náms- og starfsráðgjafar úr FNS skráðu sig á ráðstefnuna og héldu saman til Finnlands og höfðu mikið gagn og gaman að.

Þrír fræðslufundir voru haldnir á vorönn, allir fóru fram í streymi. Einn fundanna var haldinn eftir aðalfund FNS. Mjög góð þátttaka var á þá fræðslufundi sem haldnir hafa verið þegar þessi greinagerð er rituð.

Fræðslunefnd þakkar ánægjulegt samstarf á starfsárinu 2024-2025.

Fagráð

Fagráð FNS skipuðu Ásthildur Guðlaugsdóttir, Malla Rós Valgerðardóttir, Lilja Þorkelsdóttir, Guðrún Sigríður Guðmundsdóttir, Hafdís Ingadóttir, Helga Rós Einarsdóttir, María Jónsdóttir formaður, Berglind Melax og K. Katrín Þorgrímsdóttir. Steinar Sigurjónsson var tengiliður stjórnar.

Fagráði var falið af stjórn að vinna áfram frá seinasta ári, að nýjum starfslýsingum fyrir náms- og starfsráðgjafa. Fagráð fundaði og tók þátt í vinnufundum átta sinnum frá ágúst 2024 til febrúar 2025. Þá var vinna send til stjórnar með tillögu að næstu skrefum. Allir fundir voru fjarfundir.

Kjaranefnd

Veturinn 2024 til 2025 sátu í kjaranefnd Helga Rós Einarsdóttir fulltrúi háskóla, Berglind Elva Elísabetar Tryggvadóttir fulltrúi grunnskóla, Líney Björg Sigurðardóttir fulltrúi grunnskóla, Hrönn Baldursdóttir fulltrúi framhaldsskóla, Kristín Birna Jónsdóttir fulltrúi framhaldsskóla og Vigdís Thorarensen vera manneskja. Tengiliður stjórnar var Hildur Björg Vilhjálmisdóttir gjaldkeri í stjórn FNS.

Fundir voru á föstudögum klukkan 8:10 og fyrsti fundur 23. ágúst 2024. Ráðgert var að hittast mánaðarlega og oftast eftir þörfum. Alls voru boðaðir fimm fundir á tímabilinu. Fundir boðaðir með tölvupósti og fundað í gegnum Teams. Reynt var að nota vinnusvæði inni á FNS vefnum en ekki tókst að virkja það.

Nefndin fundaði sem sameinuð nefnd annað starfsárið en þegar leið á starfsárið drógu þær sig út úr nefndinni Helga Rós Einarsdóttir, Berglind Elva Elísabetar Tryggvadóttir og Vigdís Thorarensen. Eftir voru þrír fulltrúar og tengiliður við stjórn. Í upphafi taldi nefndin það kost að starfa sameinuð en líklega þarf að skoða það betur með næstu nefnd. Sameiginleg nefnd hefur þann kost að hafa yfirsýn yfir alla stéttina en í gegnum tíðina hefur oft reynst erfitt að manna kjaranefnd og halda starfi nefndarinnar skipulögðu og skýru. Fráfarandi kjaranefnd leggur til að ný kjaranefnd finni sér fundartíma sem gangi fyrir alla meðlimi einu sinni í mánuði í klukkutíma í senn. Fundartíminn í ár var of knappur. Sömuleiðis væri gott að kjaranefnd búi sér til starfsáætlun sem feli í sér tengipunkta við helstu hagaðila eða nokkurskonar tékklista yfir verkefni sem gott væri að skoða eða taka til umræðu árlega.

Á fyrra starfsári funduðu fulltrúar FNS með formanni og framkvæmdastjóra Visku í þeim tilgangi að kanna möguleika og tækifæri sem fælust í því að stétt náms- og starfsráðgjafa sameinuðust undir visku líkt og aðrar fagstéttir eins og arkitektar og bókasafns og upplýsingafræðingar hafa gert. Kjaranefnd vildi halda þessum hugmyndum á lofti og hafði Kjaranefnd samþykkt að boða til félagsfundar til að ræða þær hugmyndir áður en farið væri lengra í samtal við Visku. Viska hafði sýnt fram á vilja til að skoða núverandi fjölda náms- og starfsráðgjafa í Visku, svo sem náms- og starfsráðgjafa sem starfi í vinnumarkaðsúrræðum

eða endurhæfingu og gætu verið að greiða í Visku. Ekki náðist að fylgja eftir boðun félagsfundar en gott væri að halda þessari umræðu á lofti.

Kennaraverkfall setti svip sinn á starfsárið en KÍ boðaði skæruverkföll í grunn- og framhaldsskólum á starfsárinu. FF óskaði eftir fundi við kjarafulltrúa í febrúar en ekkert varð af þeim fundi vegna samningafunda. Nýr fundur hefur verið boðaður í lok apríl 2025.

Tillögur sem átti að leggja fram voru:

- Jöfnun milli starfsvettvanga. Að menntun og starfsreynsla sé metin til jafns í opinbera- og einkageiranum. Dæmi náms- og starfsráðgjafi sem starfað hefur í 10-15 ár og utan KÍ fái starfsreynslu sína metna fái hann starf í gunn- eða framhaldsskóla.
- Álag vegna fjölda nemenda. Viðmið er 300 nemendur á hvern ráðgjafa og að greitt sé til dæmis þrep eða flokk fyrir umfram hverja 300 nemendur.
- Vinnutímaskilgreining – Betri vinnutími sem var innleitt fyrir nokkrum árum verði fest í 36 stundir líkt og hjá BHM/Visku og fleirum í síðustu kjarasamningum sem samþykkir voru á opinberum markaði.

Kjaranefnd náði ekki samtali við félagsfólk FNS en umræður sköpuðust á Facebookgrúbbu í aðdraganda kosninga á nýjum kjarasamningi sem undirritaður var 26. febrúar. Launahækkanir náðu til félagsfólks í FG og FF og samningar gilda til 2028. Áfram verður þó samtal við KÍ en FF fundar árlega með fulltrúa úr stjórn og fulltrúum framhaldsskóla í kjaranefnd.

10. Lokaorð

Fertugasta og þriðja starfsári Félags náms- og starfsráðgjafa er að ljúka. Gróska í félagsstarfseminni birtist í fjölbreyttu starfi nefnda og ráða sem hefur þann tilgang að efla félagsandann, efla og styðja við fagmennsku í starfi félagsfólks og standa vörð um hagsmuni fags og stéttar. Hlutverk stjórnar er að starfa í umboði félagsfólks, móta stefnu félagsstarfseminnar í samræmi við lög og siðareglur félagsins og standa vörð um hagsmuni félagsfólks og þeirra sem ráðgjafarinnar njóta.

Enn eitt starfsárið sannar það hversu mikilvægt það er fyrir fagfélag okkar að gefa skýr skilaboð um hvert eigi að stefna í málefnum náms- og starfsráðgjafa og mynda breiðfylkingu um málefni fags og stéttar. Samvinna og samtal á milli aðila sem vinna að eflingu fagsins er mikilvæg og hér skulu nefnd sem dæmi námsbraut í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands og Miðstöð menntunar og skólapijónustu (áður Menntamálastofnun).

Á síðasta starfsári, 2023-2024 var lögð mikil áhersla á eflingu náms- og starfsfræðslu í endurskoðun greinasviða annars vegar og hins vegar að stjórnvöld /mennta- og barnamálaráðuneytið stofnuðu til stöðu sérfræðings við ráðuneytið til að staðsetja og ýta undir áframhaldandi þróun og stefnumótun á sviði náms- og starfsráðgjafa. Það má segja að mikilvægir áfangasigrar hafi unnist í þessum efnum á þessu starfsári.

Í endurskoðuðum greinasviðum aðalnámsskrár grunnskóla, nánar tiltekið í samfélagsgreinum kafla 24, sem hefur þegar öðlast gildi og breytingar eiga að vera komnar í framkvæmd veturinn 2025/2026 má sjá tengsl við náms- og starfsfræðslu. Undir hæfniviðmiðinu um sjálfsmynd sem tekur til níu þátta er skilgreint eftirfarandi um sjálfbekkingu:

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
-----------	--------------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------

Sjálfsþekking	gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur,	gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt,	gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar,
---------------	--	--	---

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-24>

Hér má sjá sterka tilvísun í grunnþætti náms- og starfsfræðslu og ástæða til að fagna þessu skrefi sem áfangasigri í átt að því að gera náms- og starfsfræðslu að námsgrein með námskrá og viðmiðunarstundaskrá.

Síðastliðið haust 2024 var Jónínu Kárdal náms- og starfsráðgjafa við Háskóla Íslands boðið vistaskipti til eins árs og hefja störf við mennta- og barnamálaráðuneyti. Verkefni hennar er að vinna að eflingu náms- og starfsráðgjafa í samræmi við Menntastefnu 2030 og horfa til 2. aðgerðaráætlunar fyrir árin 2024-2027.

Félag náms- og starfsráðgjafa fagnar innilega þessum áfangasigrum. Þeir eru merki þess að hlustað hefur verið á fagleg rök félagsins um nauðsyn á eflingu náms- og starfsfræðslu og náms- og starfsráðgjafa í menntakerfinu eins og kveðið er á um í Menntastefnu 2030 og stjórnvöld gripið til aðgerða til að fylgja þessu eftir.

Enn sem fyrr er lykill að góðri þjónustu í náms- og starfsráðgjöf heildræn sýn á hana, frá æsku til fullorðinsára og skapa samstarfsvettvang um samfellda náms- og starfsráðgjöf. Fagið og fagstéttin er á margan hátt fyrirmynd annarra þjóða og þar má nefna í því samhengi réttur nemenda og almennings að aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, lagarammi um menntun náms- og starfsráðgjafa og lögverndun á starfsheiti þeirra. Þetta eru lyklar að gæðum sem ráðþegar, á hvaða aldri sem þeir eru, eiga að njóta.

Eins og áður sagði eru þetta áfangasigrar og bæði nauðsynlegt og mikilvægt að halda áfram að tala máli fags og stéttar þannig að festa skapist hvað stjórnvöld snertir. Hér er bæði horft til mennta- og barnamálaráðuneytis og verkefna sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er falið að vinna. Þar gefast tækifæri til samlegðar og farsældar.